



IMMI minnisblað

Aðalheiður Ámundadóttir

5. febrúar 2014

IMMI ályktunin Staða og framgangur

[Vernd heimildarmanna](#)

[Vernd afhjúpenda](#)

[Samskiptavernd](#)

[Lögbann á útgáfu](#)

[Málsóknir vegna meiðyrða](#)

[Réttarfarsvernd](#)

[Vernd gagnagrunna og safna](#)

[Vernd gegn meiðyrðamálaflakki](#)

[Upplýsingaréttur](#)

[Rafrænt aðsetur](#)

Vernd heimildarmanna

Vernd fyrir heimildarmenn blaða- og fréttamanna felst í lögum um fjölmiðla nr. 38/2011, lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008 og lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991. Í 25. gr. fjölmiðlalaga segir að fjölmiðlamönnum sé óheimilt að gefa upp heimildarmenn sína nema með samþykki þeirra eða á grundvelli 119. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008.

Í 2. mgr. 119. gr. laga um meðferð sakamála segir að vitni sé óheimilt að gefa upp nafn heimildarmanns fjölmiðils nema með leyfi heimildarmannsins sjálfs. Undantekningar á þessu eru settar fram í 3. og 4. mgr. 119. gr. Þar segir:

Nú telur dómari að vitnisburður geti ráðið úrslitum um niðurstöðu máls og getur hann þá þrátt fyrir fyrir mæli 1. og 2. mgr. ákveðið að vitni skuli svara spurningum um tiltekin atriði, enda séu ríkari hagsmunir af því að spurningunum verði svarað en trúnaði haldið. Þetta á þó ekki við um það sem ákærði hefur trúað verjanda sínum, prestri eða forstöðumanni trúfélags fyrir um málsatvik.

Ef dómari telur óvíst hvort skilyrðum 3. mgr. sé fullnægt getur hann lagt fyrir vitni að tjá sér fyrst í trúnaði hvers efnis svar þess yrði.

Í lögum um meðferð einkamála er lagt bann við því að vitni gefi upp nafn heimildarmanns fjölmiðils án hans leyfis og eru engar undantekningar leyfðar þar á líkt og í tilviki sakamála.

Með tilkomu nýrra fjölmiðlalaga hefur vernd heimildarmanna verið nokkuð vel tryggð en þó eru nokkur atriði sem vert er að athuga nánar. Sérstaklega með hliðsjón af þeim meginreglum sem Ráðherraráð Evrópu hefur birt og fjallar um rétt fjölmiðlamanna til að halda heimildum sínum og heimildarmönnum leyndum.¹ Um er að ræða túlkun og útfærslu á 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu.

Það sem gert hefur verið frá samþykkt ályktunarinnar:

- Verndin aukin með ákvæði í nýjum fjölmiðlalögum

Til athugunar:

- Felur 3. mgr. 119. gr. í sér of víðtæka takmörkun á vernd heimildarmanna?
- Stangast sú vernd mögulega á við meginreglu nr. 3 í tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins (R (2000)7)?
- Skoða dóm ECHR í máli Goodwin gegn Bretlandi frá 27. mars 1996 (RDJ 1996-II) þar sem ákvörðun breska dómstóla um skyldu blaðamanns til að gefa upp heimildarmann hafi verið í andstöðu við 10. gr. MSE.
- Hvort rétt sé að veita heimildarmönnum stjórnarskrárvernd.²

¹ [http://www.coe.int/t/dghl/standardsetting/media/doc/cm/rec\(2000\)007&expmem_EN.asp](http://www.coe.int/t/dghl/standardsetting/media/doc/cm/rec(2000)007&expmem_EN.asp)

² Í frumvarpi stjórnlagaráðs er lagt til að vernd fyrir heimildarmenn hljóði þannig:

Frelsi fjölmiðla, ritstjórnarlegt sjálfstæði þeirra og gegnsætt eignarhald skal tryggja með lögum. Vernd blaðamanna, heimildarmanna og uppljóstrara skal tryggja í lögum. Óheimilt er að rjúfa nafnleynd án samþykkis þess sem veitir upplýsingar nema við meðferð sakamáls og samkvæmt dómsúrskurði.

Vernd afhjúpenda

Um víða veröld hafa afhjúpendur komið upp um mörg spillingarmál, bæði í einkageiranum og þeim opinbera. Ýta ætti undir slíkar afhjúpanir og unnt er að grípa til ýmiskonar ráðstafana til að auka hvata þess. Til að mynda kæmi til greina að veita órjúfanlegan rétt til að afhenda þingmönnum upplýsingar. Þá mætti skoða löggjöf í Bandaríkjunum sem vernda þá sem tilkynna fjársvik gegn ríkissjóði og veita þeim aukinn hvata (sjá 31 U.S.C. §§3729-3733, Federal False Claims Act).

Framvindan frá samþykkt ályktunarinnar:

- Fyrir liggur frumvarp um breytingu á lagaákvæðum um þagnarskyldu opinberra starfsmanna. Dr. Páll Hreinsson fv. Hæstaréttardómari vann frumvarpið að undirlagi stýrihópsins, en með því er stefnt að því að einfalda og samræma lagaákvæði um þagnarskyldu opinberra starfsmanna og skýra skyldur þeirra varðandi meðferð trúnaðarupplýsinga. Frumvarpið verður lagt fram sem stjórnarfrumvarp (forsætisr)
- Fyrir liggja frumvarpsdrög að lögum um vernd afhjúpenda, sem fjalla annars vegar um skilgreiningu á því hvenær um uppljóstrun sem falla undir lögin að ræða og hins vegar um ýmiskonar vernd s.s. vinnuvernd, launatryggingarvernd, vernd gegn málsóknum, skaðabótakröfum o.fl. Um þingmannafrumvarp er að ræða og alveg óvíst hver afdrif þess verða. Stýrihópur IMMI hefur enn ekki látið hefja vinnu við frumvarp sem þetta.
- Ákvæði í drögum að nýrri stjórnarskrá til verndar heimildarmönnum (óvíst um afdrif)³

Til athugunar:

- Hvort rétt sé að stýrihópurinn hefji vinnu við frumvarp með samskonar markmið og þingmannafrumvarpið sem vísað var til hér að framan.
- Hvort stuðla þurfi með einhverjum hætti að vernd fyrir afhjúpendasíður (og annan vettvang eða milliliði fyrir afhjúpendur) og meta til dæmis hvort slíkar síður teljist fjölmiðill í skilningi fjölmiðlalaga, eða milligönguaðili í skilningi V. kafla laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, en ef svo væri, teldust afhjúpendasíður í raun vera einungis hýsingaraðili til jafns við netveitur. Ganga þyrfti úr skugga um hver réttarstaða afhjúpendasíðna er og kanna hvort þær þurfi sérstakrar verndar við.
- hvort einhverjar lagabreytingar þurfi á almennri vinnuréttarlöggjöf, m.a. út frá dómi MSE þar sem fjórar mælistikur eru settar um lögmæti uppljóstrunar. 1) lítið svigrúm fyrir takmörkun á umræðu sem varðar almannahagsmuni, 2) afhjúpandinn hafi gengið úr skugga um að upplýsingarnar séu réttar og áráðanlegar, 3) proportionality test - meta þarf skaðan sem hlýst af uppljóstrun með hliðsjón af mikilvægi þess fyrir almannahag að koma upplýsingunum á framfæri og 4) skal uppljóstrun gerð í góðri trú⁴
- hvort breyta þurfi höfundalögum, sérstaklega 2. og 3. gr. þeirra og mögulega láta koma þar inn undanþáguákvæði vegna uppljóstrunar. Ef afhjúpandi sendir t.d. mynd, texta, eða

³ Sjá neðanmálgrein 2.

⁴ T. Hoeren setur spurningarmerki við að mótív uppljóstrarans skipti máli ef markmiðið er að koma upp um spillingu.

myndband er þá mögulega um að ræða eintakagerð (sbr. 2. gr.) sem byggja mætti kröfu á grundvelli höfundaréttar. Á grundvelli 3. gr. höfundalaga hefur höfundur einkaleyfi til að gera eintök af verki sínu og til að birta það í upphaflegri mynd eða breyttri. Kanna þarf mögulegar útfærslur á undantekningum við þessi ákvæði vegna uppljóstrunar.

- Kanna þarf hvort lög um persónuvernd þarfnist endurskoðunar vegna verndar afhjúpenda.
- Skoða þarf ákvæði laga um rannsóknarnefndir og hvort vernd uppljóstrara eru nægilega skýr í þeim. Kanna hvort taka megji mið af starfsháttum rannsóknarnefndar Alþingis sem kannaði orsakir bankahrunsins.
- Kanna þarf mögulegar breytingar á almennum hegningarlögum varðandi uppljóstrun í þágu almannahagsmuna
- Kanna þarf leiðir til að tryggja órjúfanlegan rétt til að veita kjörnum fulltrúum upplýsingar.

Samskiptavernd

Lagavernd fyrir bæði heimildarmenn og afhjúpendur dugar skammt ef upplýsingar um samskipti einstaklinga sín á milli eru allar vistaðar hjá þriðja aðila. Frá árinu 2005 hefur löggjöf í Belgíu miðað að því að vernda öll samskipti heimildarmanna og fjölmiðla, og eru báðir hóparnir vítt skilgreindir. Slík vernd hefur þó takmörkuð áhrif ef þriðji aðili geymir sjálfkrafa skýrslur um samskipti þeirra á milli.

Gildandi íslensk lög um fjarskipti, nr. 81/2003, gilda um fjarskiptafyrirtæki og samkvæmt þeim er krafist varðveislu fjarskiptagagna í sex mánuði í þágu rannsóknar sakamála eða almannaöryggis. Enn fremur er tekið fram að fjarskiptafyrirtæki sé aðeins heimilt að veita lögreglu eða ákærvaldi aðgang að viðkomandi upplýsingum. Fjarskiptalöggjöfin er m.a. byggð á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónuupplýsinga og vernd einkalífs í fjarskiptum, með síðari breytingum.

Stjórnlagadómstólar fjölmargra Evrópuríkja hafa dæmt gagnageymdina ólögmeða og í andstöðu við stjórnarskrárvarin rétt til friðhelgi einkalífs. Má hér nefna stjórnlagadómstól Þýskalands, Rúmeníu, Kýpur, Tékklands og Búlgaríu.

Þar sem heimildarmenn fjölmiðla hafa mjög oft samskipti við fjölmiðlaveiturnar gegnum síma eða internet er ljóst að vernd heimildarmanna kann að vera sniðgengin vegna gagnageymdar. Evrópsku blaðamannasamtökin hafa lýst því yfir að gagnageymd ógni öryggi heimildarmanna með því að skapa aðstæður þar sem tölfræðilega myndi reynast auðvelt að átta sig á hver heimildarmaður væri í mörgum tilvikum. Þessi yfirgripsmikla gagnageymd ógni þá tjáningarfrelsi heimildarmanna sem og lögvörðum rétti fjölmiðla.

Annan þátt samskiptaverndar í íslenskum lögum er að finna í V. kafla laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu. Þar er takmörkuð ábyrgð milligönguaðila á borð við netveitur og hýsingaraðila. Undantekningar á þessari takmörkun eru fáar og flestar vel skilgreindar í lögnum, en almenn undantekning vegna lögbanns í 14. gr. án nánari skilgreiningar veldur áhyggjum. Þetta atriði yrði helst bætt með því að skýra betur undir hvaða kringumstæðum lögin leiða til undantekinga á ábyrgð milligönguaðila í fjarskiptum.

Það sem gert hefur verið frá samþykkt ályktunarinnar:

- Á vettvangi Alþingis hefur tvívegis verið hindrað að gagnageymdartilskipun ESB verði tekin

upp í EES samninginn, en ef tilskipunin væri hluti EES væri í raun ómögulegt að breyta íslenskum lögum til að þrengja að eða afnema gagnageymd.

- Þingflokkur Pírata / IMMI stofnunarinn á frumvarp tilbúið og hægt er að leggja það fram þegar væntanlegur dómur ECJ um lögmæti EB tilskipunarinnar fellur.

Til athugunar:

- Að gagnageymd verði afnumin með brottfalli 2. mgr. 42. gr. laga um fjarskipti. Nýta ætti tækifærið ef ECJ dæmir tilskipunina ólögmæta í samræmi við [álit](#) Pedro Cruz Villalón.
- hvort rétt sé að skýra betur undir hvaða kringumstæðum lög um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu nr. 30/2002, leiða til undantekinga á ábyrgð milligönguáðila í fjarskiptum og í hvaða tilvikum lögbann er réttlætanlegt og ætti að heimila.⁵

Lögbann á útgáfu

Hömlur á tjáningarfrelsi er sérhver lagaleg aðgerð sem hægt er að nota til að hindra að efni sé gefið út áður en til útgáfu kemur. Slíkar hindranir hafa afar slæm áhrif á tjáningarfrelsi. Í flestum lýðræðisríkjum eru sterk og jafnvel algild takmörk á þeim. Kanna þarf hvernig tryggja megi að lög verði ekki misnotuð í tilraunum til þöggunar sem takmarka og tálma stjórnarskrárvarið tjáningarfrelsi fólks (og fjölmiðla).

Til athugunar:

- Meta þarf hvort ákjósanlegt sé yfir höfuð að mögulegt sé að koma í veg fyrir birtingu efnis og hvort skaða- og miskabætur (eftir birtingu) nægi fyrir vernd æru og friðhelgi.
- Ef fallist er á að æskilegt sé að lögbannsheimildin verði áfram til staðar þarf að leita leiða til að tryggja að lögbann sé ekki nýtt sem úrræði til þöggunar. Tryggja þarf að lögbann sé ekki bara automatískt heimilað, með fyrirvara um lögmæti sem dómstólar ákveði (síðar).
- Kanna þarf hvort breyta þurfi málsmeðferð hjá sýslumanni (eða þeim sem móttækur kröfu um lögbann).
- Kanna þarf einnig hvort rétt sé vald til að leggja á lögbann liggja hjá sýslumanni.
- Tryggja þarf að sýslumaður, eða sá sem móttækur kröfu um lögbann, byggi ákvörðun sína á sjónarmiðum upplýsingafrelsis.
- Allt ofangreint varðar þá mögulegar breytingar á lögum um kyrrsetningu og lögbann og/eða setja ákvæði um þessi efni í fjölmiðlalög.

Málsóknir vegna meiðyrða

Misnotkun meiðyrðamála löggjafarinnar til að þöggunar getur og hefur tíðkast þegar fjölmiðlar birta upplýsingar sem varða almenning og eiga erindi til almennings, m.a. til að borgararnir geti tekið upplýstar ákvarðanir.

Ákvæði XXV. kafla hegningarlaga, sem fjalla um ærumeiðingar, hafa staðið nánast óbreytt frá því að þau voru sett árið 1940. Á þeim tíma sem liðinn er frá setningu þeirra hafa miklar umbætur

⁵ Nú er í gangi dómsmál (Mál nr. K-6/2013) fyrir héraðsdómi Reykjavíkur, sem kann að hjálpa okkur að útfæra nálgunina. Stýrihópurinn er ekki kominn með frumvarp í þessum efnunum.

orðið á sviði mannréttinda. Það er til efs hvort efnisatriði XXV. kafla hegningarlagna fái staðist nýrri viðhorf til mannréttinda m.a. með hliðsjón af 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Þá má benda á ný viðhorf í dómaframkvæmd Hæstaréttar sem tekið hefur nokkurt mið af dómum Mannréttindadómstóls Evrópu, þar á meðal í málum gegn Íslandi. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur í auknum mæli gagnrýnt beitingu refsíákvæða fyrir meiðyrði þrátt fyrir að því hafi enn ekki verið lýst yfir að refsingar vegna ærumeiðingar séu ósamrýmanlegar ákvæðum sáttmálans. Þá hefur Evrópuráðið hvatt aðildarríki sín til að endurskoða refsíákvæði sín um ærumeiðingar.

Til athugunar:

- Kanna hvort rétt sé að afnema refsíákvæði 234.-237. gr. almennra hegningarlagna um ærumeiðingar, að hluta eða öllu leyti, sem hefði það í för með sér að einstaklingar gætu ekki gert refsikröfu í einkamáli sem höfðað væri vegna ærumeiðinga. Nefndin leggur þó áherslu á að tryggja yrði að þeir sem telja vegið að æru sinni og mannorði á opinberum vettvangi njóti fullnægjandi réttarráðgjafar, einkum í formi ómerkingar ummæla og greiðslu miskabóta.
- Kanna hvernig tryggja mætti vernd ærunnar í einkaréttarlegu umhverfi (á vettvangi miska- og skaðabótaréttar. Í slíkum tilvikum yrði þó að gæta að því að skaðabætur þróuðust ekki í þá átt að skaðabætur yrðu að refsikenndum viðurlögum líkt og tíðkast í Bandaríkjunum, heldur yrði að færa rök fyrir skaðabótakröfum með vísan til sannanlegs tjóns, líkt og almennt er gert ráð fyrir í skaðabótarétti.
- Kanna þarf ábyrgð og vernd milliliða á vettvangi ærumeiðinga og þá sérstaklega vernd blaðamanna sem hafa upplýsingar eftir viðmælendum sínum sbr. nýlega dóma Mannréttindadómstóls Evrópu í málum Erlu Hlynisdóttur og Björku Eiðsdóttur.

Réttarfarsvernd

Jafnt aðgengi að dómstólum og réttlát málsmeðferð er mikilvægur þáttur lýðræðis. Í ýmsum löndum þar sem lagavernd er sterk er aðgangur að dómstólum erfiður því að þótt lögin veiti vernd getur t.d. verið fjárhagslega erfitt fyrir útgefendur, fjölmiðla og almenning allan að leita til dómstóla. Jafnvel þegar útgefandi hefur fjárhagslegt bolmagn til þess að verjast fyrir dómstólum getur það verið andstætt hagsmunum hans ef litlar líkur eru á að kostnaðurinn vegna málsins náist til baka. Dæmi um þetta er mál *Time Magazine* í Bandaríkjunum. Þetta hefur kælingaráhrif á blaðamenn og sérstaklega rannsóknarblaðamennsku. Það ætti alltaf að borga sig fyrir lítinn útgefanda að verja sig gegn vel fjármögnuðum kæranda sem ætlar sér að leyna upplýsingum, og almennt ættu smærri aðilar að geta varið sig gegn hinum stærri.

Til athugunar:

- Hvort rétt sé að setja sérstakt ákvæði í réttarfarslög (um meðferð einkamála og eftir atvitkum lög um meðferð sakamála) til að tryggja réttarfarsvernd að þessu leyti
- Hvort rétt sé að veita opinbera réttaraðstoð í málum er varða tjáningarfrelsi (gjafsókn)
- Hvort koma megi á fót einkareknum málfrelsisjóði
- Skoða setningu ákvæðis um sérúrræði sem tryggja málsaðila sem ver málfrelsi sitt fyrir

dómstólum sérstaka réttarvernd t.d. um að allur málskostnaður falli á mótherja hans ef hann vinnur málið.

- Skoða 'anti slapp' löggjöfina í Kaliforníufylki. sem mælir fyrir um möguleika almennings á gagnsókn við málaferlum. Í krafti slíkra laga getur sakborningur farið fram á að litið verði svo á að mál hans snúist um tjáningarfrelsið. Ef fallist er á það taka ýmis verndarákvæði í þágu sakbornings gildi á meðan málaferlum stendur. Ef dæmt er sakborningi í hag er tryggt að allur málskostnaður fellur á þann sem kærði.

Vernd gagnagrunna og safna

Það er álitafni hvort hægt sé að höfða meiðyrðamál og krefjast ógildingar ummæla sem birtust fyrst 1973 og eru nú aðgengileg í gagnasafni mbl.is?

Árið 2009 felldi Mannréttindadómstóll Evrópu dóm í máli Times í London, sem valdið hefur óvissu fyrir útgefendur. Samkvæmt dómnum telst efni á netinu útgefið í hvert sinn sem lesandi skoðar það. Þessi túlkun hefur margsinnis verið misnotuð til að fjarlægja greinar úr rafrænum greinasöfnum dagblaða. Sem dæmi má nefna að breska dagblaðið Guardian fjarlægði ítrekað greinar úr safni sínu árið 2009 til að komast hjá málsóknarkostnaði. Jafnframt taldi dómstóllinn að meiðyrðamál sem eru höfðuð talsvert löngu eftir birtingu mættu hefta tjáningarfrelsi fjölmiðla, nema við mjög sérstakar kringumstæður. Það er undir aðildarríkjunum komið innan hvaða tímamarka þurfi að leggja fram kæru í tengslum við meiðyrði í greinasöfnum.

Til athugunar:

- Skilgreina útgáfudag þegar um er að ræða efni sem er aðgengilegt í rafrænu gagnasafni í langan tíma eftir að það varð fyrst aðgengilegt almenningi
- Skilgreina ásættanlega tímafresti í þessu sambandi til höfðunar meiðyrðamála. (t.d. innan 2 mánaða að franskri fyrirmynd)
- Að skaðabætur megi eingöngu dæma fyrir sannanlegt fjártjón (eða ákveðið þak)
- Athuga ákvæði í lögum um skylduskil safna.

Vernd gegn meiðyrðamálaflakki

Misnotkun á breskri meiðyrðalöggjöf hefur mikið verið rædd á undanförunum árum og nýlega voru samþykkt lög í tveimur fylkjum Bandaríkjanna sem mæla fyrir um að ekki skuli fullnusta dómsúrskurði sem ganga gegn ákvæðum bandarísku stjórnarskrárinnar um tjáningarfrelsi og gera gagnsókn jafnframt mögulega.

Í XXV. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, er fjallað um meiðyrði. Vandamál hafa komið upp hér á landi þegar dómstólar í öðrum löndum hafa haldið því fram að þeir hafi lögsögu yfir verkum, greinum eða ummælum sem hafa verið birt eða látin falla á Íslandi. Meiðyrðamál gegn Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni í Bretlandi fékk á sínum tíma mikla umfjöllun, m.a. með tilliti til fullnustu dómsins, lögsögu dómstóla og hinnar ströngu meiðyrðalöggjafar í Bretlandi.

Til athugunar:

- Hvernig takmarka megi fullnustu erlendra dóma sem takmarka tjáningarfrelsið, hér.
- hvernig aðild að EES og Lúganó samningnum takmarka okkur að þessu leyti.
- Hvort rétt sé að bregðast við því þegar erlendir dómstólar hafi haldið fram lögsögu sinni í

málum er varða verk, ummæli og greinar birtast eða eru látin falla á Íslandi.

- Skoðun laga frá NY fylki (bannað að fullnusta dóma sem fara í bága til stjkskr.) og hvort aðild að Lúganó samningnum komi í veg fyrir innleiðingu slíkra reglna
- Hvort hægt er að koma í veg fyrir fullnustu dóma sem varða tjáningarfrelsið þegar tengsl við erlenda lögsögu eru lítil og athuga í þessu sambandi skuldbindingar vegna EES og Lúganó samningsins.

Upplýsingaréttur

Réttur til upplýsinga er tryggður með upplýsingalögum nr. 140/2012. Markmið þeirra er að tryggja gegnsæi í stjórnslu og við meðferð opinberra hagsmuna. Meðal annars með því að styrkja upplýsingarétt og tjáningarfrelsi, möguleika almennings til þátttöku í lýðræðissamfélagi, aðhald fjölmiðla og almennings að stjórnvöldum, möguleika fjölmiðla til að miðla upplýsingum um opinber málefni og traust almennings á stjórnslunni. Lögini taka til allrar opinberrar starfsemi og til starfsemi einkaaðila sem eru að 51% eða meira í eigu hins opinbera.

Þrátt fyrir að ný upplýsingalög hafi verið réttarbót að ýmsu leyti er ýmsu enn ábótavant varðandi upplýsingarétt almennings.

Með nútímalegri og bættri upplýsingalöggjöf sem stenst alþjóðlegar gæðakröfur mætti stórbæta gegnsæi í opinberri stjórnslu.

Engin miðlæg skrá er til yfir skjöl í vörslu ríkisstofnana og ekki eru til staðlaðar beiðnir um upplýsingar frá ríkisstofnunum. Auka mætti gagnsæi með því að halda miðlæga skrá yfir öll gögn í vörslu ríkisstofnana, svo sem málaskrár og aðrar skrár yfir þau gögn og gagnasöfn sem þær ráða yfir, og veita aðgang að henni á netinu. Tillaga þessa efnis var lögð fram á 138. löggjafarþingi, (sjá þskj. 188, 169. mál). Mögulegt þarf að vera að óska eftir aðgengi að upplýsingum um tiltekið efni og því er nauðsynlegt að fyrirspyrjandi hafi aðgang að miðlægri skrá svo að hann geti vitað af tilvist skjals fyrirfram. Þá ættu upplýsingalög að gilda bæði um aðgang að hefðbundnum skjölum á pappír og að rafrænum gögnum. Jafnframt mætti íhuga að innleiða fyrirkomulag, sem er viðhaft víða erlendis, þar sem sérstakur aðili fylgist með framkvæmd upplýsingalaga og hefur heimild til að úrskurða um aðgang að gögnum. Viðkomandi aðili gæti jafnframt haft eftirlit með stjórnslu ríkis og sveitarfélaga á þann hátt að í miðlægri skrá á netinu yrðu tæmandi talin gögn í vörslu opinberra aðila og einkaaðila, að því leyti sem þeim hefur að lögum verið fengið opinbert vald, og þannig væri tryggður réttur borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins á þessu málavíði, í ljósi jafnræðis og vandaðra stjórnsluhátta og í samræmi við lög. Búast má við að það minnkaði álag á dómkerfið þar sem líklega yrði fáum fyrirspurnum beint til dómstóla eftir úrskurð viðkomandi aðila.

Þá ætti að taka tillit til almannahags við ákvörðun um aðgang eða synjun um aðgang að gögnum. Allar takmarkanir á upplýsingum sem varða opinbera aðila ættu að ganga sem skemmst. Þannig ættu upplýsingar sem verða til hjá hinu opinbera alla jafna að vera aðgengilegar. Til greina kæmi kerfi þar sem beiting undanþágu til að hindra birtingu skjala væri tilkynnt jafnóðum og öll slík skjöl yrðu sjálfkrafa birt þegar undanþágan rynni út. Meginregla um fullan aðgang nema við sérstakar vel afmarkaðar aðstæður myndi auka gagnsæi verulega.

Það sem gert hefur verið frá samþykkt ályktunarinnar:

- Ný upplýsingalög tóku gildi í janúar 2013.
- Á þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar fyrir 143. löggjafarþing er gert ráð fyrir framlagningu frumvarps um breytingar á upplýsingalögum og sérstaklega nánari skilgreiningar í 13. gr. laganna.

Til athugunar:

- Kortleggja helstu annmarka sem eru á nýju upplýsingalögnum. Til dæmis á 10. gr. en þar hefur verið bætt við undantekningu vegna almannahagsmuna hafi þau að geyma upplýsingar um mikilvæga efnahagslega hagsmuni ríkisins. Þá þyrfti að orða 13. gr. með mun afgerandi hætti, þ.e. um gerð miðlægra skráa yfir öll skjöl í vörslu ríkisstofnana, svo sem málaskrár og aðrar skrár yfir þau gögn og gagnasöfn sem þær ráða yfir, og veita aðgang að þeim á netinu. Skrár sem þessar myndu auðvelda almenningi og fjölmiðlum að meta hvort og eftir hvaða upplýsingum mætti kalla eftir. Sjá það sem fram kemur hér að framan um væntanlegt stjórnarfrumvarp.
- hvort upplýsingalögin samræmist reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins að skjölum Evrópuþingsins, -ráðsins og framkvæmdarstjórnarinnar.
- hvort borgararnir njóti þess réttar sem Árórsamningurinn kveður á um, varðandi rétt til aðgangs að upplýsingum um umhverfismál.
- hvort æskilegt sé að taka mið af nýlegum breytingum á upplýsingalögum í Eistlandi, Skotlandi, Bretlandi og Noregi.
- hvort taka ætti upp þá reglu að öll skjöl verði gerð aðgengileg á netinu og að takmarkanir á henni verði skýrðar þröngt.
- hvernig efla megi upplýsingarétt með gerð miðlægra skráa yfir öll skjöl í vörslu ríkisstofnana, svo sem málaskrár og aðrar skrár yfir þau gögn og gagnasöfn sem þær ráða yfir, og veita aðgang að þeim á netinu. Skrár sem þessar myndu auðvelda almenningi og fjölmiðlum að meta hvort og eftir hvaða upplýsingum mætti kalla eftir,
- hvort setja eigi ákvæði um upplýsingarétt í stjórnarskrá sbr. tillögur stjórnlagaráðs. Líta mætti t.d. til ákvæða í finnsku, norsku og ekki síst sænsku stjórnarskrárinnar.
- [fyrir IMMI stofnunina], eiga til frumvarp um breytingar á upplýsingalögum, sem hægt er að grípa til þegar tækifæri [vegna samf. umræðu] gefst.

Rafrænt aðsetur

Vegna þeirrar verndar sem þingsályktunartillagan mælir fyrir um að tryggð verði hér á landi gæti orðið verulega fýsilegt fyrir alþjóðlega fjölmiðla og samtök flytja aðsetur sitt hingað til lands með rafræna útgáfu í huga enda er hún ekki háð staðsetningu að öðru leyti. Þar með gætu þessir aðilar fallið undir þá vernd sem með tillögunni er lagt til að eigi við um aðila sem hafa aðsetur hér á landi.

Til athugunar:

- kannað verði vandlega hvernig þessir aðilar geti flutt rafrænt aðsetur hingað til lands og hvaða reglur þurfi um það að gilda.
- Kanna þarf þær reglur sem gilda hér um starfsemi fjölmiðla á netinu, með hliðsjón af

alþjóða- eða fjölþjóðasamningum, svo sem EES-samningnum.

- Huga þarf að ákvæðum laga á sviði félagaréttar (laga um hlutafélög, einkahlutafélög o.fl.)
- Huga að ákvæðum fjölmiðlalaga varðandi lögsögu yfir fjölmiðlaveitum sem miðla myndefni og nota til þess íslenska jarðstöð eða gervitungl sem tilheyrir Íslandi.
- Kanna hvernig íslenska ríkið getur öðlast lögsögu yfir erlendum ábyrgðarmönnum fjölmiðla með rafrænt aðsetur hér á landi.
- Kanna hvernig framfylgja eigi ábyrgðarreglum alþjóðlegra fjölmiðla hér á landi.
- Kanna hvort rétt sé að breyta gildissviði fjölmiðlalaga þannig að þau nái til fjölmiðla sem hafa sérstaklega skráð sig. Skráningu myndu fylgja ákveðin réttindi og vernd en einnig sú ábyrgð og skyldur sem lögin fella á fjölmiðla, sbr. ákvæði í Svíþjóð.